

<b>Dags. fundar:</b> 25.október 2011	<b>Tími:</b> 19.30	<b>Nr. fundar:</b> 08-2011
<b>Fundarboðari:</b> Edda Ólafsdóttir	<b>Fundarritari:</b> Sigríður Runólfsdóttir	<b>Staður:</b> Tíbrá. Selfossi.

**Efni fundar:**

1. Breyting á stjórn.
2. Framhald ráðningarsamnings.
3. Þríþrautaráð.
4. Skiltamál.
5. Búningamál.
6. Jólagjöf.
7. Þórðarmót.

**Viðstaddir:** Edda Ólafsdóttir, Ingibjörg E. L. Stefánsdóttir, Sigríður Runólfsdóttir og Sigurbjörg Björnsdóttir

**Boðuð forföll:** Sigríður Pálsdóttir.

---

**Dagskrá:**

1. Rætt var um að inn kæmi varamaður í stjórn, Sigurbjörg Björnsdóttir, þar sem Sigríður Pálsdóttir formaður hefur óskað eftir tímabundu leyfi frá stjórnarstörfum. Hún mun sitja áfram sem formaður en vera óvirk. Aðrir stjórnarliðar sjá um framkvæmdir. Athugað verður með fleiri foreldra í stjórn deildarinnar.
2. Framlenging ráðningarsamningur yfirþjálfara ræddur og lítillaga breytingar lagðar til. Yfirþjálfara verða send drög samningsins.
3. Þríþrautarráð var stofnað á dögnum og fær það að vinna undir merkjum sunddeildarinnar og þar með fær sunddeildin einhverja x% af greiddum æfingagjöldum.
4. Skiltamál voru rædd og ákveðið að setja þau á bið en ganga í það eftir áramótin að útvega nýja
5. Skoðað verður með samning við Errea vegna íþróttagalla fyrir deildina. Reynt verður að koma á mátunardegi sem fyrst fyrir iðkendur og sendur e-mail þess efnis.
6. Ákvörðun var tekin um hver jólagjöf til handa iðkendum yrði þetta árið en litlu jól deildarinnar eru áætluð miðvikudaginn 14. desember n.k.
7. Árlegt Þórðarmót verður haldið sunnudaginn 30. október. Þegar hafa skráð sig u.þ.b. 90 þátttakendur frá Selfossi, Hamri (Hveragerði), Dímon (Hvolsvelli) og UMFG (Grindavík). Ekki verður lagt upp með að mótið verði löglegt en frekar lögð áhersla á að kenna yngstu keppendum hvernig sundmót fer fram. Undirbúningur fyrir mótið er langt kominn.

**Verkefni ákveðin á fundinum:**

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Ráðningasamningur	IELS/SP	sem fyrst
Skiltamál	IELS	á nýju ári
Búningamál – e-mail.	SP/EÓ/IELS	sem fyrst
Jólagjöf	SP	fljótlega.

**Fylgiskjöl:** engin

**Fundi slitið** kl. 21.30.

**Næsti fundur:** verður boðað til hans.